

Fundargerð 2. fundar

Starfshópur um sérhæfða akstursþjónustu í Hafnarfirði.

Haldinn kl. 12, mánudaginn 8. apríl 2019 að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Elísabet Hansdóttir, fulltrúi Ráðgjafarráðs, Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri, Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri Fjármálasviðs, Þórdís Helga Ólafsdóttir, sérkennslufulltrúi grunnskóla, Elín Ýr, Sigurður Þ. Ragnarsson, Sigurður Guðjón Jónsson frá Mannviti og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður fór yfir fundargerð síðasta fundar.

2. Þjónustulýsing.

Mikilvægt að fara vel yfir þjónustulýsingu. Formaður sendir sína yfirferð með athugasemdum til fulltrúa starfshópsins sem fara náið yfir og koma fram með sínar ábendingar og athugasemdir. Fulltrúar Ráðgjafarráðs benda á að einstaklingar sem fá ökutækjastyrk frá Tryggingastofnun ríkisins eigi einnig rétt á sérhæfðri akstursþjónustu. Jafnframt telur Ráðgjafarráðið eðlilegt að öryggismyndavélar séu í bílunum.

3. Ábendingagátt.

Opnað verður fyrir ábendingagátt. Óskað verður eftir aðstoð samskiptastjóra við að koma gáttinni í gagnið. Jafnframt verður vinna starfshópsins kynnt. Gögn sem verið er að vinna með verða aðgengileg fyrir notendur. Óskað verði eftir umsögnum frá forstöðumönnum starfsstöðva fatlaðs fólks. Æskilegt að umsagnir berist fyrir lok apríl.

4. Akstur fatlaðra skólabarna.

Þórdís Helga fór yfir fyrirkomulag skólaaksturs fatlaðra barna. Strætó bs er að keyra u.p.b. 30 nemendur í skóla í Reykjavík. Hópbílar sjá um aksturinn innanbæjar fyrir skólabörn og eru með þjónustutíma til kl. 15, eftir þann tíma er kallað eftir þjónustu Strætó bs. Einstaka börn eru með liðveislu í ferðaþjónustunni sem þarf að fjalla um sérstaklega. Þjónustulýsingin á að ná til skólaaksturinn líka.

Fundi slitið kl. 13.